# Fundargerð dómaranefndar STÍ 10.08.2022

Fundurinn var haldinn á Teams fjarfundarkerfi og er fyrsti fundur nýrrar nefndar

Mættir eru á fundinn Helga Jóhannsdóttir, Magnús Ragnarsson, Halldór Axelsson

Fundarefni:

Setning fundar og fundarritari ákveðinn.

Magnús kosinn fundarritari fundarins

Nefnd skiptir með sér verkum.

Magnús kosin sem formaður nefndarinnar

Listi yfir skráða dómara á Íslandi lagður fram.

Halldór mun koma með listann á næstu dögum, hafðist ekki fyrir fund en þó nokkur fjöldi útskrifaðra dómara eru hér á land

Erindi frá mótum ársins lögð fram til kynningar fyrir nefndina.

Engin mál til kynningar varðandi dómamál enda skal skera út um öll atriði á mótum endanlega þar.

Tilnefning STÍ til milliþingsnefndar dómaramála kynnt en í henni eru Magnús Ragnarsson, Dúi Sigurðsson og aðili tilnefndur af STí samkvæmt ákvörðun ársþings STÍ 2022.

Halldór Axelsson hafði gefið kost á sér og bíður eftir umboði stjórnar en stefnt er að því að milliþingsnefnd muni funda eins fljótt og auðið er og koma með tillögur að dómaranámskeiðum og fyrirkomulagi dómaramenntunar

Önnur mál.

Rætt um dómaramál og vandamál tengd þeim. Halldór Axelsson ætlar að gera þarfagreiningu og hvaða lámarkskröfur yrðu gerðar til móta. Einnig að setja markmið hvaða verkefni á að klára yfir hvaða tíma.

Dómaramálin hafa verið í ólestri síðustu ár þrátt fyrir að margir dómarar hafa verið útskrifaðir. Rætt um að það þurfi að skoða að dómarar fái lágmarksgreiðslu fyrir störf sín, en þetta er eitt af mikilvægustu málunum að góð dómgæsla sé á mótum.

Magnús æltar að koma með drög að námskeiði fyrir héraðsdómar og dómaranámskeið.

Miklar umræður og hugmyndir um lausnir og vandamál.

Ákveðið að halda fund næst 07.09.2022 kl. 18:00

Fundi slitið.